

TEXTÍLMENNT - 4. BEKKUR - EIN LOTA

Kennarar: H. Berglind Birgisdóttir

Lýsing – Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Nemendur hanna, útfæra og sauma púða með frjálsum útsaum.

- 2x60 mínútur í 6-7 vikur hver lota
- samtals 12-14 skipti hver hópur

Námsmarkmið – Hvað á nemandinn að **læra**?

Nemendur:

- hanna sinn eigin bangsa
- velja efni, liti og útfæra
- vinna eftir einföldu ferli frá hugmynd að afurð
- nota filtefni til að gera andlit sem þau handsauma á
- sauma bangsann saman í saumavél
- setja tróð inn í bangsann
- þæfa hjarta inn í bangsann
- mæla þyngd, hæð og ummál og gefa út fæðingavottorð undirritað af kennara

Námsefni – Hvaða gögn og bækur verða notuð?

- grunnsnið úr pappa
- efni sem hentar í bangsa
- filtefni
- trefjafylling, tróð
- útsaumsgarn og tvinni
- hnappar, perlur eða filtefni í skreytingar
- títuþrjónar og merkipennar fyrir efni
- saumnál fyrir handsaum
- skæri
- saumavél
- ull til þæfingar
- þæfingarnál
- málband
- vigt
- litir, pappír og pennar
- tölva hjá kennara fyrir hugmyndavinnu

Kennsluaðferðir – Hvernig er unnið í kennslustundum

- sýnikennsla
- verklegt nám (learning by doing)
- skapandi vinna
- einstaklingsnám
- jafningjastuðningur

Námsmat – Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Leiðsagnarmat

- þátttaka og vinnusemi
- færni í útsaumi
- færni í vélsaumi
- framfarir
- sjálfstæð vinnubrögð

Verkefnamat

- verkefni metið

Lokamat

- hönnun og frumleiki
- frágangur

Viðmið úr námskrá

Hér koma viðmið úr aðalnámskrá eða skólanámskrá sem unnið er með á tímabilinu. Hér má einnig vísa til þess að þau séu birt á mentor eða annarsstaðar.

Hönnun og sköpun:

- nemendur hanna bangsa, velja liti, efni og fylgi ferli frá hugmynd að fullbúnum hlut

Tækni og tól:

- nemendur nái tökum á saumavél og læri nálarþæfingu.
- samþætting (Stærðfræði): Nemendur noti mælitæki til að skrá gögn um bangsann sinn

Sjálfstæði og vinnubrögð:

- Nemendur fylgi einföldu vinnuferli og læri að ganga frá eftir sig

Listrænt tjáningarform:

- nemendur læra að hlutur þarf ekki að vera fullkominn til að hafa gildi. Karakterinn í bangsanum liggur í ófullkomleikanum.